

2. gr.

Gjald fyrir ýmsa vinnu eða sérhæfðar einstaklingsleiðbeiningar. Fyrir vinnu við ómsjarmælingar lamba, áætlanagerð (rekstur, áburður og fóður), skurðamælingar og fleiri verk efni sem undir lögum falla er:

Gjald kr. 3.000 á klst.

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er að fenginni umsögn Bændsamtaka Íslands og með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Suðurlands nr. 519/2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Djúpavogshreppi árið 2002.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu um sorphirðu í Djúpavogshreppi frá 30. júní 1999, ákvað sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi sínum þann 6. desember sl. að gjald fyrir sorphreinsun fyrir árið 2002 verði kr. 6.000 pr./tunnu og sorpeyðingargjald kr. 5.000 pr./tunnu.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Djúpavogi, 12. desember 2001.

Ólafur Ragnarsson sveitarstjóri.